

**Hliðarmannvirki - drög að leiðbeiningum. VSÓ ráðgjöf -  
desember 2019.**

Með hliðarmannvirkjum er hér átt við áningastaði, útskot og hliðarplön við vegi, sem skiptast svo í undirflokkka eftir hlutverki. Í þessum drögum að leiðbeiningum er lögð áhersla á áningastaði og fjallað um hliðarmannvirki utan þéttbýlis, skipulagsforsendur þeirra, yfirlit yfir búnað og svo eru settar fram hönnunarleiðbeiningar. Leiðbeiningarnar eru hugsaðar fyrir hönnuði, starfsfólk sveitarfélaga og aðra sem koma að ákvarðanatöku og uppbyggingu áningastaða og annarra hliðarmannvirkja.

Í lokaorðum greinargerðarinnar kemur fram að sífellt fjölbreyttari umferð, m.a. aukin umferð ferðamanna, kallar á að gerð sé heildstæð áætlun um uppbyggingu hliðarmannvirkja við þjóðvegi landsins. Kröfur til hliðarmannvirkja mótast af þörfum vegfarenda og samfélagsins í heild. Til dæmis er bent á að með aukinni rafbílavæðingu getur skapast þörf á nýjum áningastöðum með hleðslumöguleika. Þá þarf útfærsla hliðarmannvirkjanna að byggja á forsendum á hverjum stað og taka þarf tillit til margbreytileika í íslenskri náttúru sem og mismunandi samsetningu umferðar við hönnun þeirra.

Aðstandendur verkefnisins vonast til að leiðbeiningarnar gefi góð ráð við skipulag og útfærslu hliðarmannvirkja og áningarstaða og þannig stuðla að auknu umferðaröryggi og uppbyggingu betri innviða og þjónustu við vegfarendur.